

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2010.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 22. október 2010 skuli lofthæfis- og skrásetningardeild Flugmálastjórnar Íslands heimilt að gefa út lofthæfisskírteini til útflutnings (Certificate of Airworthiness for Export) að beiðni eigenda eða umráðenda vegna loftfara sem flytja á frá Íslandi til annars aðildarríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Lofthæfisskírteini til útflutnings er staðfesting þess að loftfar uppfylli kröfur tegundarskírteinis og að því hafi verið viðhaldið í samræmi við viðeigandi reglur um lofthæfi og viðhald þess sem settar eru á grundvelli ákvæða í IV. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum. Einungis er heimilt að gefa út lofthæfisskírteini til útflutnings fyrir loftför sem skráð eru hér á landi. Með sama hætti er lofthæfis- og skrásetningardeild Flugmálastjórnar Íslands heimilt að krefja eigendur eða umráðendur erlendra loftfara, sem vilja skrá slík loftför hér á landi, um lofthæfisskírteini til útflutnings sem gefið hefur verið út af flugmálayfirvöldum í því ríki sem viðkomandi loftfar var skráð.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. október 2010.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2010